

**FUNDARGERÐ**  
**BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA**

**677. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn miðvikudaginn 29. desember 2010 kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.**

**Dagskrá:**

1. Bréf slökkviliðsstjóra og slökkviliðsmanna Brunavarna Húnaþings vestra.
2. Bréf Landssambands slökkviliðs-og sjúkraflutningamanna.
3. Starfsmannamál Íþróttamiðstöðvar.
4. Fundargerð stjórnar SSNV frá 15. desember s.l.
5. Bréf SSNV.
6. Bréf Sjávarútvegs-og landbúnaðarráðuneytisins.
7. Bréf Varasjóðs húsnæðismála.

**Afgreiðslur:**

1. Lagt fram bréf slökkviliðsstjóra og slökkviliðsmanna hjá Brunavörnum Húnaþings vestra dags. 15.12.2010, þar sem þeir átelja vinnubrögð sveitarstjórnar og óska eftir því að vera þeirra í LSS verði viðurkennd og að gengið verði til samninga um upptöku á kjarasamningi LSS og LN. Byggðaráð samþykkir að fela sveitarstjóra og oddvita að ræða við slökkviliðsstjóra og aðstoðarslökkviliðsstjóra um efnisatriði bréfsins.
2. Fram lagt til kynningar bréf LSS dags. 21.12.2010, þar sem greint er frá því að ágreiningsefni félagsins og Húnaþings vestra um greiðslu stéttarfélagsgjalda hafi af þeirra hálfu verið vísað til innheimtu lögfræðings. Sveitarstjóri greindi frá því að hann hafi sent mál þetta til skoðunar lögmannna á kjarasviði Sambands íslenskra sveitarfélaga.
3. Starfsmannamál Íþróttamiðstöðvar. Sveitarstjóri gerði grein fyrir stöðu starfsmannamála í Íþróttamiðstöð Húnaþings vestra. Í kjölfar uppsagna almennra starfsmanna í september s.l. hafa þrír starfsmenn verið endurráðnir og einn nýr starfsmaður ráðinn í hlutastarf frá og með 1. janúar nk. en einn starfsmannanna kaus að þiggja ekki endurráðningu. Þá greindi sveitarstjóri frá því að íþrótt- og tólmstundafulltrúi hafi sagt starfi sínu lausu frá og með 27. desember s.l.
4. Lögð fram til kynningar fundargerð stjórnar SSNV frá 15. desember s.l.
5. Lagt fram bréf SSNV dags. 17.12.2010 um yfirfærslu málefna fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga. Afgreiðslu þjónustusamnings vísað til sveitarstjórnar.
6. Lagt fram bréf Sjávarútvegs-og landbúnaðarráðuneytisins dags. 22. desember s.l. um úthlutun byggðakvóta fiskveiðiársins 2010/2011. Húnaþing vestra fær úthlutað 50 þorskígildistonnunum. Sveitarstjóra og formanni byggðarráðs falið að fara yfir reglur um úthlutun byggðakvótans.
7. Lagt fram til kynningar bréf Varasjóðs húsnæðismála dags. 21. desember 2010 um samkomulag um framlög til Varasjóðs húsnæðismála.  
Samþykkt að taka á dagskrá.
8. Lagður fram viðauki við verksamning um sorphirðu í Húnaþingi vestra við HH gámaþjónustu ehf. Byggðarráð samþykkir að vísa viðaukanum til afgreiðslu sveitarstjórnar.

9. Sveitarstjóri skýrði frá fundi sem hann ásamt oddvita og Ómari Karlssyni áttu með fulltrúum sjávarútvegs-og landbúnaðarráðuneytisins, þar sem rætt var um dragnótaveiðar í Miðfirði og Hrutafirði.
10. Samþykkt að næsti fundur byggðarráðs verði haldinn 10. janúar 2011 kl. 14:00

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 15:30

---

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

---

Stefán E. Böðvarsson.

---

Ragnar Smári Helgason

---

Skúli Þórðarson, sveitarstjóri.

Áheyrnarfulltrúi

---

Elín Jóna Rósinberg.

---

Guðrún Ragnarsdóttir, fundarritari